

Umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti

Ísafirði 11. febrúar 2022

*Efni; umsögn um mál 21/2022 í Samráðsgátt. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002 um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (niðurgreiðsla)*

Í kynningu málsins er lýst áformum um breytingu á lögum nr 78/2002 um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar með að markmiði að koma á einföldun regluverks um stuðning til kaupa á varmadælum og auka skilvirkni með framkvæmd fyrir stjórnvöld og umsækjendur. Fram kemur að góð reynsla sé af slíku verkefni og tilefni sé til að efla það með þessum hætti.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að varmadælur hafa nýst vel í dreifbýli þar sem eingöngu er möguleiki á rafhitun að ræða. Eins til hitunar atvinnuhúsnæðis og þjónustustofnana sveitarfélaga. Fjórðungssambandið telur því að niðurgreiðslur á varmadælum hafi á undanförunum árum verið þáttur í að jafna orkukostnað við húshitun íbúða, húsnæði til íþróttá og félagastarfs auk stofnana sveitarfélaga.

Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur undir þau markmið um tillögu að frumvarpinu um að einfalda og auka skilvirkni umsókna til kaupa á varmadælum. Fjórðungssamband Vestfirðinga vill hinsvegar fyrst og fremst með þessari umsögn, leggja áherslu á nauðsyn þess, að áður en frumvarp kemur fram, að farið verði yfir samspil þessa þáttar, niðurgreiðslur á varmadælum, við önnur verkefni sem ætlað er að ná fram markmiðum laga 78/2002.

Í kynningu málsins kemur fram að varmadælur séu hentugar þar sem „ódýr hitaveita“ sé ekki til staðar og eins kemur fram það mat að spara megi allt að 110 Gwh í orkunotkun. Að mati Fjórðungssambandsins þarf að skýra nánar við undirbúning frumvarpsins.

- hvaða forsendur eru settar við skilgreiningu á aðgengi að „ódýrum hitaveitum“.
- hvaða landsvæði og byggðarlög falla undir ódýrar hitaveitur og hver ekki

Þar sem þessar upplýsingar koma ekki fram í gögnum málsins og eins hvernig á að nýta þær, kalli á umræðu, hvort er hér sé verið að breyta stefnu um hvernig ná eigi markmiðum laga 78/2002. Nánar tiltekið, eru niðurgreiðslur á varmadælum sem hluti af því að ná þessu markmiði sem telja má markmiðið í dag eða er ætlunin að niðurgreiðslur á varmadælum verði meginþáttur til að ná fram markmiði laganna. Eða er hér eingöngu verið að auka skilvirkni við framkvæmd þessa verkefnis til að ná betri framkvæmd á markmiðum laganna.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að hér sé einnig tilefni til að skoða samspil þessarar tillögu að breytingu á lögum 78/2002 við önnur lög eða áætlanir sem tengjast heildarmarkmiðum stjórnvalda um jöfnun húshitunarkostnaðar til lengri eða skemmri tíma litið. Í þessu samhengi má t.d. nefna markmið Orkustefnu og markmið og verkefni í Byggðaáætlun (verkefni A14 og verkefni C5).

Fleiri atriði koma upp við slíkt almennt mat og velta má upp til umhugsunar.

- Hvaða áhrif yrðu á stuðning til jarðhitaleitar við þéttbýli s.s. á Vestfjörðum? Samkvæmt upplýsingum Orkubús Vestfjarða þá skortir verulega á að fá þar niðurstöðu en Orkusjóður hefur ekki stutt slík verkefni á síðustu árum.
- Hver er rekstraleg staða og framtíð rafkynta fjarvarmaveitna komi til aukinnar varmadælunotkunar?
- Hver áætlaður afskriftar og endingartími varmadælna m.t.t. að um einskíptis aðgerð er að ræða?
- Eiga framtíðareigendur húsnæðis ekki rétt á stuðningi við endurnýjun varmadæla en ef svo er, hver er þá framtíðarskuldbinding stjórnvalda til að koma á móts við þessa notendur?
- Hefur verið lagt mat á hvort tekin sé þjóðhagsleg áhætta með því að binda húshitun við sértæka tækni er byggir að meginhluta á innfluttum búnaði?
- Hvaða áhrif hefur víðtæk varmadælunotkun á hljóðvist í þéttbýli og skipulagsáætlanir sveitarfélaga?
- Hvaða áhrif hefur víðtæk varmadælunotkun heildarsýn þéttbýlis og skipulagsáætlanir sveitarfélaga?
- Er mögulegt að ná fram sambærilegum ávinningi með stuðningi með öðrum aðgerðum s.s. bættu einangrun húsnæðis, nýtingu sólarorku o.fl.?

Síðan má taka undir ábendingar sem komin er fram í umsögnum um málið til dagsins í dag. Bent er á að uppsetning og viðhald varmadæla er sérhæfð vinna og aðgengi að þjónustu er mjög misjöfn á milli landshluta. Þannig að til lengri tíma sé sú áhætta tekin að sparnaður við not á varmadælum fari í viðhald og ferðakostnað í stað þess að jafna kostnað við húshitun. Gefa yrði því svigrúm til að sækja um stuðning við þessa þætti með þá auknum framlögum. Eins hefur verið bent á að setja verði gæðakröfur á þær varmadælur sem niðurgreiðslur ná til.

Að lokum að þessu máli tengt, að taka þarf til skoðunar jöfnunaraðgerðir að hálfu stjórnvalda varðandi hitun atvinnuhúsnæðis en núverandi staða skerðir samkeppnisstöðu fyrirtækja víða um land við fyrirtæki sem eiga aðgengi að ódýrari orku.

Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilur sér svo rétt til að taka afstöðu og veita umsögn um málið á síðari stigum.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri, Vestfjarðastofu